



Fundargerð

460. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps. aukafundur.

fimmtudaginn 26. nóvember 2020, kl. 17.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Ingimar Ingimarsson (II), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Karl Kristjánsson (KK). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er ein blaðsíða.

Oddviti bauð fólk velkomið, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Ekkert mál barst var þá gengið til dagskrár.

Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu

1. 2007001 - Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2021-2024, síðari umræða.

Sveitarstjórn samþykkir að farið verði í umfangsmiklar framkvæmdir á Grettislaug enda kemur fram í skýrslu frá Varboða að laugin þarfnist verulegra endurbóta. Sá kostnaður sem fer í að reka sundlaugina gæti lækkað umtalsvert. Þá verði farið í langþráðar framkvæmdir á leikskólalóð og nauðsynlegar hafnarframkvæmdir sem eru þegar komnar á samgönguáætlun.

Stjórnvöld hafa skorað á sveitarfélög að vera þátttakendur í innspýtingu til að verja störf Reykhólahreppur lætur ekki sitt eftir liggja í þessu átaki.

Til þess að fjármagna þessar framkvæmdir verði tekið nýtt lán frá Lánasjóði sveitarfélaga, allt að 85 milljónum. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2021 - 2024. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:25
